

Stjórnarfundur 06.09.2017

1. Mönnun haustsýningar HRFÍ

Fjár- og hjarðhundadeild er ein þeirra deilda sem á að sjá um að manna haustsýningu félagsins í ár. Guðríður tók að sér að auglýsa inn á netsíðum deildarinnar og senda tölvupóst á tengiliði og biðja þá um að hafa samband við fólk úr sinni tegund. Meðlimir stjórnar ætla að senda einkaskilaboð á þá meðlimi deildarinnar sem þeir eru með á facebook, það hefur sýnt sig að best er að hafa beint samband við fólk til að fá það í vinnu fyrir deildina.

Stjórn DÍF sat einnig fund á skrifstofu félagsins þetta kvöld og þau komu með þá uppástungu að í stað þess að báðar deildir útvegi tvo í vinnu á laugardegi og sunnudegi skiptum við þessu með okkur. Tegundir í fjár og hjarðhundadeild eru sýndar á laugardegi og íslenski fjárhundurinn á sunnudegi og því fannst okkur kjörið að við útveguðum 4 starfsmenn á sunnudegi og þau 4 starfsmenn á laugardegi.

2. Tengiliða málið.

Þeim bréfum sem Guðríður sendi út eftir síðasta fund var samviskusamlega svarað. Guðríður ætlar að skrifa þeim sem sendu inn kvörtunina til þess að láta þá vita hvernig málin standa. Við vonum annars að málið sé útkljáð.

3. Um stjórnarsetu Sunnu

Kosningin er að fullu lögleg og Sunna situr löglega í stjórn deildarinnar. Stjórn Fjár-og Hjarð hafði samband við stjórn HRFÍ til að fá útkljáð um málið.

Í reglum stendur að kjörgengir séu þeir sem eiga hund í deildinni EÐA hafi átt hund í deildinni í 2 ár eða lengur. Bendir stjórn HRFÍ á að orðið EÐA sé þarna lykil orð og þess vegna sé Sunna fullkomlega löglegur stjórnarmeðlimur.

4. Deildarsýning 2018

Stefnt er á sýningu helgina 14-15 Júlí 2018. Svana er tilbúin að bjóða aðstöðu heima hjá sér til þess að halda sýninguna. Þar verður hægt að setja upp lítið tjaldsvæði og þar er bæði hægt að setja upp flotta útisýningu en líka hægt að fara inn í reiðhöll ef veðrið verður okkur ekki í hag.

Næsta verk er að finna dómara. Stjórnarmeðlimum finnst öllum mikilvægt að finna dómara með sérþekkingu á okkar grúbbu, helst dómara sem á og/eða hefur ræktað einhverja tegund úr grúbbunni.

5. Fræðslukvöld

Á dagskrá er fræðslukvöld fyrir meðlimi deildarinnar. Guðríður ræddi við söluaðila Chris Christianssen á Íslandi og þær eru spenntar að koma, fræða okkur um umhirðu okkar bestu vina, fara yfir hvaða vörur henta hvaða tegund best og bjóða jafnvel einhvern afslátt eftir kvöldið. Myndum við vilja hafa frekari fræðslu þetta kvöld og hafði Guðríður samband við Kolbrúnu Örnú, dýrahjúkrunarfræðing og sjúkrapjálfa á Dýraspítalanum í Garðabæ, hún er tilbúin að vera með kynningu á starfi sínu en er ekki laus við fyrr en í desember. Stjórn myndi helst vilja hafa fræðslukvöldið fyrir áramót og er því málið í skoðun.

6. Fjáreðlispróf

Deildin ætlar að setja upp fjáreðlispróf í haust, áður en það er liðið of langt inn í haustið svo núna þarf að finna dagsetningu sem fyrst og auglýsa prófið, auglýsingu þarf að birta með minnst 4 vikna fyrirvara.

Birna tók að sér að ræða við Gunnu sem allra fyrst til þess að finna góðan tíma og svo hægt sé að setja upp auglýsingu.

7. Aðventukvöld

Aðventukvöldið verður haldið fimmtudagskvöldið 30. Nóvember.

8. Fundarlok

Næsti fundur er settur 18.10 kl 18:00.